**Hafnarsamlag**
**Norðurlands**
við Fiskitanga
600 Akureyri
Sími: 460 4200
Fax: 460 4209

**Port of Akureyri**
Fiskitanga
IS - 600 Akureyri
Iceland
Tel: +354 460 4200
Fax: +354 460 4209

Akureyri 25. ágúst 2021.

**Skipulagsstjóri Akureyrarbæjar**
**c/o Pétur Ingi Haraldsson**
**Geilsagötu 9**
**600 Akureyri.**

**Varðar: Framkvæmdarleyfi vegna endurbyggingar Torfunefsbryggju.**

Unnið hefur verið að því undanfarin ár að undirbúa endurbyggingu Torfunefsbryggju í samvinnu við Akureyrarbæ enda mannvirkið orðið ónýtt og jafnvel á kafla hættulegt. Stefnt er að því að nýta að fullu deiliskipulagsrammann sem þegar hefur verið samþykktur og fara 20 metrum utar en núverandi þillína er í. Nauðsynlegt er að styrkja botn fyrir framan bryggjuna áður en niðurrekstur á stálinu hefst. Nú er stefnt að því að hefja jafnvel efnisflutninga frá landi í september n.k. þar sem mögulegt er að nýta efni sem er mjög stutt frá framkvæmdarstað. Þetta mundi leiða af sér minni mengun vegna efnisflutninga og því ákjósanlegur valkostur. Þar sem verkið þarf að hefjast fljótlega er hér með óskað eftir framkvæmdarleyfi vegna verksins í heild.

Með vinsemd og virðingu.

f.h. Hafnasamlags Norðurlands bs.

Pétur Ólafsson hafnarstjóri